



Almennar fréttir.

Bládrangjafélagið í Toronto hefir neitað að höndla blaðið "New York American" sem gefið er út af hinum nafnkunnna blaðakóngi William Randolph Hearst. Ástæðan er sú, að Hearst er í ýmsum eignum andvígur Englendings og er þetta óhyggilegt og ósamboðlið fjálsam borgurum. Gæður málaðar þar aldrei að vera hreðdar við sahléikann, en þúvur málaðar vinna aldrei hugi fólks til lengdar. Algert ríttrelsi og algert lestarfrelsi verða Canada-menn að heimska; minna er þeim ósemilegt.

H. A. Robson dómari hefir sagt af sér stöðu sinni sem fornaður viðskiptafundarinnar í Canada. Hefir líklega ekki þótt það nei heidursstaða eins og í pottinn var búið.

R. D. Waugh sem einu sinni var borgarstjóri í Winnipeg sallar minningar, hefir verið útnefndur til þess að skipa sæti í nefnd er stjórna skat til bráðabýrðga Snaðaldnum sem bandamenn tóku frá þjóðverjum.

Kvenfélagið í Melita hefir sent áskorun til fylkisstjórnarinnar þess efnis að hún hafi öllum þeim að giftast sem ekki sanni þá með vottorði, að þeir séu andlega heilbrigðir.

Sterkur grunur leikur á því, að F. T. White eftirlitsmaður vinnslaganna í Manitoba sem skyndilega hvarf til Evrópu sé í einhverjum flekjum í sambandi við embætti sitt, sem erfiðt sé að greiða.

Fasteignamenn í Chicago hafa hækkað nýlega húsaleigu. Bundust þeir samtökum þannig, að skipa leigjendum út ef þeir borguðu ekki hækkunina. En leigjendur tóku sig til og létu krók mæta

bragði; bundust þeir félagskap um það, að borga ekki hækkunina og fara ekki. Hafa þeir fengið sér lögmenn fyrir sína hönd.

William Price hefir maður og er "Sir"; hann er pappírssali og var kærður um ólöglegt athafi í sambandi við pappírssölu; krafðist stjórnin þess að hann mætti fyrir rétti. En nú hefir því verið lýst vfir af lögmanni stjórnarinnar, að þeirri kröfu verði ekki framfylgt og sýnur það hversu auður og titlur vernda meiri hér í landi frá því að hlýða lögum. Ef það var satt sem stjórnin hélt fram þegar hún gerði kröfuna — og hún hefir aldrei breytt þeirri staðhæfingu — þá var það sjálfsagt að kára Price og ramsaka málið.

Kona sem hét Phoebe Turse dó í Newark í N. J. á föstudaginn 101 árs gömul. Hún létur eftir sig son og dóttur, fjögur barnabörn, sex barna-barnabörn og fjögur barna-barna-barnabörn.

Robert E. Peary norðurheimsskaufstafurinn frægi sem sagðist hafa fundið norðurheimsskaufið andaðist í Washington 20. janúar. Illkynjuð bláðhynna varð honum að bana.

Tribune flytur tvær myndir nýlegra af gömlum konum; önnur hefir Elizabeth J. Schofield og er nýlegra búið að halda hálflegið 105 ára afmæli sitt. Hún hefir Anna Burian og er 103 ára.

Frá því var skýrt áður, að Herbert Hoover vistastjóri í Bandaríkjunum ætlaði að verða í kjöri fyrir forseta í sumar; en vegna þess hve afturhaldssamur og þrællundur hann er, hafa verkamenn og bændur lýst því yfir, að hann ætti ekki sigurs von né stuðningeigendur og hefir hann sáð þann kostinn vinstan að hætta við að verða í kjöri.

Látin í Reykjavík.

Jóhanni Bjarnasyni að 193 Arlington stræti hér í bænum barsi símskeyti 26. febr. sem segir móður hans frá Jóhönnu Thomsen látna. Hún andaðist hjá dóttur sinni konu Jóns Árnasonar, kaupmanns.

Þjóðræknisþingið.

Verið er að semja útdrátt úrþvism gerðist á þjóðræknisþinginu og birist það í öllum blöðunum í þessari viku, og er svo til ætlað að það verði sem líkast í þeim öllum.

Fatnaður og yfirhafnir

ÞÉR SPARIÐ \$10.00 Á FATNAÐINUM YÐAR OG YFIR HÖFNUNUM, MEÐ ÞVI AÐ KAUPA ÞAÐ Í BÖÐINNI UPPI Á LOFTI, MEÐ VERÐINU SEM ÞAR ER.



Robinsons Clothes Shops, Ltd.

264 Portage Av. Jppi yfir 5—10—15 centa búðinni

Enska stjórnin beidd ósigur í þinginu nýlega, þegar privat þingmaður bar upp frumvarp þess efnis, að hækka eftirlaun lögregluþjónna. Með því voru 132, en á móti 55, svo lítið fylgi hafði stjórnin.

Maður sem Bainbridge Coby hefir, hefir verið útnefndur ríkisritari í Bandaríkjunum í stað Lansings. Er það talið alleinkennilegt að Wilsonskyldi velja þann mann, því hann fylgir samveldisflokkunum og var sterkur stuðningsmaður Theodors Roosevelt 1912.

Stórmennin sem á þingi sitja til þess að huga mál þýskalandseisara hafa skift um skoðun og hugsa nú helst að rétt sé að sleppa honum með öllu.

Afamikjóð járnbrautarverkföll stendur yfir á Frakklandi.

BITAR

Sagt er að eyfirzka konan hafi verið einkennilega búin ekki stóru, en sumar aðrar á margrablótinu.

Ein stótt mauna segir Sameiningin að sé við völd í Rússlandi. Samleikurinn er sá, að þar eru all ar stóttir við völd hlutfallslega, nema sú stótt sem hann Páll postull talar um þegar hann segir: "Sá sem ekki vill vinna, á heldur ekki mat að fá."

Tvisvar sinnum 350 er sex hundruð, eftir því sem húskarlar Helga magna segja. Eftir því er óþægileg prentvilla í reikningsbók Eiríks Briem.

"Kirkjan á erindi til allra manna og þá sérstaklega til fjöldaans, almúgans. Kristur tók málstað alþýðunnar gagnvart hreykingum og ranglátum yfirstéttum, og kristinn var fólksins trú framan af öllum. Það hlýtur hún enn að vera — annaðhvort það eða ekki neitt." — Þetta stendur í ritstjórnargrein í Sameiningunni síðast. Það er nákvæmlega kenning löðkipjunnar.

Sumir vildu ekki hætta nafni sínu út í óvissu né dollurum sínum til Wimp, þar sem þúsund snörur liggja — þess vegna komu þeir ekki í þjóðræknisfélagið.

"Almennungur vill sjá einhverjum ósköpum afkastad áður en hann sjálfur vill taka þátt í því," sagði Einar Hjörleifsson forðum.

Sumum er gefinn sá sérstaki krafur viljans að láta ekki samfarast.

Þessi atvriði voru í forsetaskýrslu séra R. Péturssonar, sem hann las upp á þjóðræknisþinginu.

Eftir dómi Lögborgs er það "dæmalaust frumhlaup" ef Voröld eggjar til heimflutninga; en það er ekkert ljótt af séra Jónasi Sigurðssyni og það er sérlega lofsvert af Jóni Biddell — Skiftir um hver á heldur.

Sameiginleg hugsun og sameiginleg störf tengja mennina saman — en sú tenging er því aðeins varanleg að um skyldleika sé að ræða.

Frændsemin er sterkasta taugin og ekki sízt ef langt er á milli frændanna.

Það styrkir hvorki né veikir sambandið við frumþjóðina þó hundur geti, hestur hneggi, naut öskri eða hani gali.

"Það sem einhvers er virði í þjóðerni voru, hefir lifað, lifir enn á að lifa og skal lifa," segja þeir sem trú hafa á þjóðræknisbaráttunni.

Meiri sémð er að því að studla til þess að það sem smátt er geti orðið völdugt en að leggja til efsta kornið í kúfinn á þeim mælinum sem þegar er orðinn fleytifullur.

Segi þeir til sem þora hvað skadlegt finst í þjóðræknisstefnu vorri. Þeir segja að Íslenzkann sé öfyllkomil mál — getur satt verið að hana vanti nokkur orð yfir menningarbraskið.

Flestir lifa og leggja sig fram um það eitt að komast í stöðu — jafnvel í hjónabandsstöðu.

"Sameinst öll hér í landi og gleymdi Íslenzkunni og öllu sem Íslenzkt er." Þetta er bæn sem sum irlesa eins og krossbæn í kapólsku.

"Eg er fæddur hér og tel það skyldu mína að álíta viðhald Íslenzkunnar ósemilegt," sagði maður nýlegra. — Sá hefir fengið nokk að með fæðingunni!

Reynt er að koma inn þeirri skoðun, að allar tilraunir til þjóðræknisviðhalds sé óvináttu merki við þjóðina hér og að vér verðum látnir gjalda þeirra í efnun og virðing. En sú kenning er einungis spottin frá öhlutvöndum ættamönnum og saurbliðum. Svo mikil kveður að þessari villukenningu, að manni dettur í hug vísan hans Grims Thomsen um Stokks-eyardrauginn: "En svo var mikill satans krafur, að saltaðir gengu þorskar aftur."

Vér fyrirliðum hópinn sem stóð úti fyrir Jerúsalemsdyrum og vildi sýna keisarahlöstu sína með því að hrópa: "Krossfestu, krossfestu hann!"

Menn keppast við að líkja þjóðinni hér við bræðslupott eða graut arpoft — einhver nefndi það mellingarpoft, þar sem á að sjóða sam an allar þjóðir í einn graut, en um það hver eigi að eta grautinn, tal ar enginn — þið getið getið þess til hver um sig.

Þeir segja að við eigum að fara í þennan graut og verða saltið í honum — verða til þess að bæta meltingu þeirra sem grautinn eta.

Þetta eru atvriði úr fyrirlestri séra R. Péturssonar.

TIL GUTTA.

Svo að verði ei meir til meins, meðan K. N. hýsir; Eg vil fá hann undir eins út úr þessum freezer.

R. Árnason

Hefir orðið heldur seinn helgrg guða máttur; Þjóðernisins einn og einn er að breyta þáttur Kr. St.

Tjaldubúðarsamkoman.

Herra ritstjóri: — Eg verð að jata það, að það var mín hjartans samfering, að fyrirkomulagið á samkomunni hans Dr. Stefánssonar væri aðallega að kenna honum heimskari og óhlutvandarí mönnum. En fyrst þann nú virðist svo áfram um að taka alla skuldina á sjálfum sig og konuna sína, þá er honum það meir en velkomið.

Eg hefði því látið yfirlýsingu hans ósvarað, hefði hann ekki mishernat svo hastarlega það samtal sem okkur fór á milli um kveldið, þegar hann heimsótti mig. Svo kveður mikið að hans mishernum, að eg hefði grunað hann um að gera þær vísitandi, ef mér hefði ekki hugsast, að hann hafi kannske verið svo dasaður eftir "þrumu-slagið", að hann hafi ekki getað tekið rétt eftir.

Það er rétt, það kom fljótt í ljós um kveldið, að dómgreind og sanngirni var heldur lítið um í öllu fyrirkomulagi þann, en að sannleiksást skorti líka, sá eg ekki fyr en í yfirlýsingunni.

Eitt það fyrsta sem leknirinn fór fram á við mig, var að eg tæki til baka eitthvað af grein minni. Eg kvæðst fús á að gera það, ef hann vildi benda mér á eitthvað sem ósagt væri. Hann benti mér fyrst á orðin "leigugepill" og "tyrðill". Eg kannaðist við, að mér væri ábótavant í Íslenzkunni, svo ef hann gæti bent mér á nokkur önnur orð er lýstu eins fyrirliðningu minni á þeim mönnum, sem að ástæðulausu svívirto saklaust kvenfólk, þá skyldi eg heldur nota þau en orðin eru ókominu enn. Þá fann hann að orðinu "svívirrt" en eg sagði honum, að eg meinti með því það sama sem felst í enska orðinu "Insulted", og var til með að breyta því fyrir annað betra, en það fór á sömu leið.

Það er ekki satt, að konan mín bari til baka neitt af því sem var í greininni. En eg jataði sjálfur, að af vissum ástæðum hefði eg í tveimur tilfellum víkið við orðunum sem hún notaði. Annað tilfallið var með þeim sem sátið var ætlað, þar þafgreindi hún manninn, en af því mér þótti ótilhlýðilegt að benda honum persónulega neitt þar inn í, þá nefndi eg hann bara stórhöfðingja, því hann mun einn með þeim fremstu sem höfðingjatildríð meðal Íslendinga hér snýst um. Hið tilfallið var ef til vill nokkuð ónákvæm ágizkun. Eg gat um, að kirkjan niðri hefði aldrei verið hálf fyllt um kveldið. Kona mín sagði, að eftir að hún kom upp á loftið, hefði hún séð yfir um þróðjunga kirkjunnar og þar talið þrjátíu og tvö auð seti. Þetta baubst eg líka til að leiðrétta, en það fór sem fyr, að leknirinn vildi það ekki.

Eg sagðist fyrir löngu hafa tekið eftir þessu höfðingjatildríð hér, en látið það hlutlaust meðan aðeins snéri við mér skolegra hliðin á því, og hefði líklega aldrei hreyft við því, ef konunni minni hefði ekki verið misboðið; svo það er tórn ímyndun leknisins, að hann hafi verndað nokkurn mann frá neimni "heift", með því að verða fyrir þessum aðrinslum mínum.

Eg vil geta þess, að eg hefi reynt að vera sem friastur við persónulegt orðakast að mögulegt er í þessu máli því mig langar til að fylgja lífsreglu St. Ger: "að hata til eilífnar málað einn manns, en manninum sjálfum að bjarga." Arngrímur Johnson.

Bændamál.

SAMBAND VERKAMANNA OG BÆNDA VEITIR NORRIS. FLOKKNUM ÁSTÆÐU TIL ÁHYGGJU, EFTIR DÓMI FRAM-SÝNNA MANNA Í PÓLITIK.

Varanlegt samband milli verkamannafélaganna og bændanna í Manitoba hlýti að leida af sér fall Norrisstjórnarinnar við næstu kosningar, sem fram fara í júlímánuði í sumar. Þetta er eindregin skoðun stjórnmálamanna hér, ekki einungis meðal verkamanna og bænda, heldur í herbúðum afturhaldsmanna, og meira að segja hjá hugsandi mönnum í frjálslynda flokknum. Á þinginu sem haldið verður í apríl, verður gerð tilraun til þess að flyta samvinnu milli bænda og verkamanna á sama grundvelli og gert var í Ontario með því mikilli sigursæld við síðustu fylkiskosningar þar í fyrna. Leiðtogarnir segja að fullkomin sameining verði einungis í þeim kjördæmum, þar sem bæði sé um bæi og bygðir að ræða, og eru slík kjördæmi 11 að tölu í fylkinu og eru menn sannfærðir um, að með samvinnu geti verkamenn og bændur unnið þau öll. Verkamannaleiðtogar fullyrða, að af tíu sætum í Winnipeg séu þeir vissir að ná 6 með hlutfallskosningu; afturhaldsmenn segja: fá tvö að minsta kosti og auk þess sex úti á landi. Rættist allir þeirra spáðómar, sem ekki er ólíklegt, þar sem fróðir menn segja, að þeir séu bygðir á nákvæmum yfirvegunum, þar sem alt sé tekið til greina, þá yrðu sameinaðir andstæðingar 24 af 54 þingmönnum alls; þá væru eftir 30 sæti handa hinum frjálslyndu, óháðu frjálslyndu og alóháðu, án þess að telja þau sæti sem bændur myndu vinna, þar sem ekki væri um samvinnu að ræða — þau sæti yrðu þó nokkur. Þegar það er tekið til athugunar, að í átta kjördæmum að minsta kosti, hefir verið ákveðið að láta menn sekja undir bændaflokksmerkjum, þá er það ekki líklegt, eftir því sem stjórnmálum horfir við nú, að bændur tapi öllum þessum sætum. Því er því á móti spáð, að þeir myndu vinna meira en helming þeirra. Þess vegna er það álit þ, að ef bænda- og verkamannasameining kemst á, þá sé ekkert líklegt en að Norrisstjórnin verði að hafa sig alla við til þess að hald, velli, og að hún verði ekki viss um dóm sinn fyr en síðasta atkvæði er talið.

Þýtt úr Tribune 29. febr.

Á móti bændum.

Auðvaldið er að sameina sig gegn bændum, eins og vér höfum áður sagt. Ein sönnun fyrir því er þessi:

Í blaðinu Tribune 29. febr. birist það sem hér fylgir: "Vér eigum, að mæta hinu sterkustu og völdugustu fylkingu sem peningar og heilar auðvaldsins eiga ráð á að mynda. Auðvaldið sér það, að næsta baráttá verður um það og ákveður það um æði langan tíma, hvort hlutdrægni skuli hald áfram að vera æðsta stjórn í Canada, eða hvort jafnrétti fyrir alla skuli verða aðalþungamiðja hinnar nýju stefnu."

Þannig hljóðar útdráttur úr umferðaskjali sem Manitoba bændafélagið hefir samið og sent um leið og það byrjaði undirbúning fjár-söfnunar sinnar, sein hefst 8. marz.

Önnur skjöl sem send eru, viðhafa líkar staðhæfingar og eru þar á meðal svög sem umboðsmenn geta notað þegar þeir eru spurðir einhvers á ferðum sínum."

(Þýtt úr Tribune)

Voröld

kemur út á hverjum þriðjudegi og föstudegi.
 Utgefendur og eigendur: The Voröld Publishing Co., Ltd.
 Voröld kostar \$3.00 um árið í Canada, Bandaríkjunum og á Íslandi. (Borgist fyrirfram)

Ritstjóri:—Dr. Sig. Júl. Jóhannesson
 Ráðsmaður:—J. J. Samson

Skrifstofa: 637 Sargent Avenue
 Talsmi Garry 4252

2

Ekki nema það þó.

“Vesturheimskan klædd í kjólinn,
 kotroskin um eigin hag.”
 Stephan G. Stephansson.

Hinn fjölhefi og stefnufasti lávarðadýrkandi, sem til óbráða-byrðar situr í ritstjórnastóli Lögbergs, hefir verið sérlega “upplagður” 26. febr. 1920. Maðurinn sem svo hefir verið stefnufastur að hann hefir fylgt öllum kenningum sunnan og ofan frá frjálslyndustu verkamannastefnu norður og niður til ströngustu Bordenisku; maðurinn sem svo hefir verið stöðugur í störfum sínum, að hann hefir reynt flest það sem um er að gera hér í þessu landi, og alt af komist að þeirri niðurstöðu, að hann væri betur fallinn til einhvers annars en þess sem hann stundaði í þessum og þann svipinn. Þegar hann var bara verkamaður, komst hann að þeirri niðurstöðu, að hann ætti að vera verkamannaleiðtogi; hann fann það út, að þar átti hann ekki heima og hélt því að hann væri til þess skapadur að vera kennari; hann samferðist brátt af reynslunni um að það var ekki, og var viss um að námastarfi væri sér hentugt; ekki varð þó sú staða langgæð og vitradist honum það, að fasteignasala mundi vera sú staða sem alfarir hefði ætlað þessari miklu veru (halda jafnvel fleiri, að það sé sanni nast), en samt var það nú svona; að þrátt fyrir hina miklu hæfileika í þeirri stöðu, varð hún ekki langgæð; og komst hann að þeirri niðurstöðu, að bóndi ætti hann að vera. Loksins kom yfir hann einhver andi, sem sagði honum að ritstjórn mundi láta honum betur en allt annað og þá varð hann ritstjóri. Þegar tillit er tekið til þess, að hann er enn þá ungur maður, má gera sér í hugarlund, hversu margar verði stöðurnar sem hann hefir skipað þegar hann fellur frá “virtur og grátinn af öllum.”

Einkennilegt er það, hvernig jafnvel stórmennum getur skrið fótur og kemur það þar fram sem postulinn segir, að þótt andinn sé reiðubúinn, er þó holdið veikt. Þessi dænumaður sem að Lögbergi situr og aldrei sýslar með samvizku sína sem söluvarning, hefir sjálf-sagt gleymt því að þurka rykið af gleiðunum sínum 26. febrúar.

Vér höfum skrifad grein og birt í Voröld um heimflutninga til Íslands. Vér minnumst þess, að þegar lávarðadýrkandinn kom frá Íslandi eigi alls fyrir löngu, reit hann langa grein um framtíðar-horfur á ættjörð vörri og eggjaði menn héraðs til heimflutninga. Vér töldum því ekkert semilegra en það, að hann með alla staðfest-una og samkvæmna mundi taka hafi í sama strenginn og fremur hvetja lands vora til þess sama sem hann hafði hvatt þá, þegar ekki var eins glæsilegt að flytja heim og birtu er; sérstaklega þar sem svo langt var komið að hann ætlaði að gerast brautryðjandi heimflutninganna hér um árið með því að flytja heim sjálfur, og hafði meira að segja komist svo langt, að tiltaka jörðina sem hann ætlaði að búa á. En hvað skeður? Þegar sama stefna er flutt í Voröld sem hann sjálfur hafði flutt fyrir nokkrum árum, þá er hún orðin “dæmalaust frumhlup.” Þeir hljóta að vera einkennilegir hugsanastraumarnir í hella þeirra manna, sem telja sömu stefnu óhæfu hjá einum, sem þeim einst heilbrigð hjá öðrum.

Megum vér annars spyrja ritstjóra Lögbergs í alvöru, í hverju “Lokaröðin” eru fölgir, sem hann talar um? Voröld ráðleggur lesendum sem atvinnu geti fengið heima á ættjörð vörri, að flytja þangað fyrir tveir ástæður: fyrst sökum þess, að með því mattu þeir verða þjóð sinni og landi að líði og sýna einlegni í þjóðernisáhuga sínum, og í öðru lagi losuðu þeir með því við þá óhæfu stjórni sem þetta góða land verður að þola og þær ófösknir sem útendingar mæta.

Er það ljótt, er það Lokalegt að þeina hugum Íslendinga heim til ætlands vors? Sé svo, væntum vér samferðandi skýringar og ákveðins svars.

Það er eins og Lögbergssritarinn viti af engu til starfa heima, nema því eina að bera votaband, rista og flytja blautt torf o. s. frv. Það er sama þróngsýnin og ef einhver hér vissi af engri annari atvinnu en þeirri að bera tígulstein, grafa skurði eða moka snjó.

Þá er reynt að gera mikið úr því, hve léleg og erfið sé sjómensk- au heima; en það er á allra vitund, að óvilda er arðvænni atvinnu til í heimi, en einmitt sjómenskan við Ísland eins og hún er nú orðin. Sem dæmi má geta þess, að þeir menn eru nýlega fluttir hédan heim til Íslands eftir langa dvöl hér vestra og höfðu aðeins unnið fyrir fótum og fæði, en af sjávarafala hafa þeir þegar orðið stórauðugir menn á Íslandi.

Einkennilega rykug hafa þau verið gleraugu ritstjórans þegar hann las grein vora og finnur þar “óslökkvandi hatur vort til þessa lands.” Í grein vörri er þessum orðum farið um landið sem vér búum í: “Vér höfum þá skoðun, að þetta land sé frá náttúrunnar hendi hið besta, en með óholtri harðstjórn hafa hér verið skapadír allskonar óþugleikar. Með það hefir verið farið eins og Kristur sagði um musterið: “Því hefir verið snúið upp í reiningjabeli.” Sýndi Kristur óslökkvandi hatur til mustersins þegar hann harmaði það, að því hefði verið breytt í reiningjabeli? Ef svo er, þá hefir Voröld sýnt hatur til þessa lands. Vér höfum lýst því yfir áður og vér lýsum því yfir enn, að vér teljum Canada eitt besta land veraldarinnar, en einmitt vegna þess teljum vér það hryggilegt hversu illa er með það farið af þeirri stjórn sem Jón Bildfell studdi til valda. Það er ekki af hatri til Lögbergs að oss hryggir hvernig því bláði er fórn að stalli afturhaldsins. Oss er hlýtt til Lögbergs og tekur sárt til þess að það skyldi komast í tröllaheundur. Ef vér höfum Canada mund- um vér vilja sjá Bordenstjórnina þar við völd um aldur og æfi; ef vér höfum Lögberg, mundum vér óska þess að Bildfellsstjórnin

yrði þar mosavaxin, en af því oss þykir vænt um hvorttveggja, óskum vér hvorugs.

Eitt atriði er í þessari Lögbergsgrein sem oftast hefir heyrst hér áður og þörf er á að athuga í eitt skifti fyrir öll. Því er haldið fram, að landið hafi fætt oss og khatt. Vér vitum ekki betur en að auður landsins — fæði þess og klæði — sé framleiddur af fólkinu sjálfu; gamli jarmurinn um það að fólkið þiggi ölmusu af landinu þarf að þegast niður. Um það hvor þeirra ritstjóri Lögbergs eða ritstjóri Voraldar hafi framleitt meira eða unnið trúlegar fyrir fæði og klæði hér í landi, dæmir hvorki hann né vér; framtíðin gerir það og þeir sem á eftir oss lifa. Það kemur í ljós þegar við kveðjum báðir, við hvora gröfina verða feld fleiri tár.

Þegar vér lasum “Nástrandargreinina,” fannst oss þá aðeins ein grein um nástrandargreinina, sökum þess að vér skildum ekki hvernig stóð á allri vonzgunni; vér mundum ekki eftir því, að grein vor sneri ritstjóra Lögbergs í meina. En þegar vér leitumum nánar í huga um, minti oss að Bildfell hefði einhverju sinni farið heim til Íslands sem útflutninga-“agent” og “agentinn” er altaf við- kvæmur hvar sem hann “fyrirfinst.”

Áðrir geta þess til, að nástrandargreinin hafi verið skrifuð í sérstökum tilgangi og óskildum aðalmálunum; hún hafi átt að afa hugi manna upp á móti ritstjóra Voraldar — en þar hafi honum farist eins og fleirum sem á ranga hyllu villast, að hann hafi reikn- að of hátt áhrifagildi blaðs síns. Það er hægra að reikna út verð- hækkun á landblettum í Transcona en fínislegt annað.

Vér skulum lýsa því yfir óhikað, að sé það synd að vilja unna ættjörð sinni krafta og áhrifa þeirra manna sem viljugir vildu flytja heim, ef þeir kæmst, þá játum vér sekt vora og drygjum þá synd af ásetningi. Þeirri spurningu hví vér förum ekki heim sjálfir, get- um vér svarað þannig: Hví fór ekki Jón Bildfell sjálfur í stríðið, ef hann áleit það eins helga skyldu og hann lét í ljósi?

Oss dettur í hug stutt saga eftir Mark Twain; sagan heitir “Glysgjarna stúlkan,” og segir frá tveim frændstúlkum; önnur var svo glysgjör, að hún var af öllum höfð að athlegi. Einn sinni kom upp eldur í leikhúsi þar sem þær voru staddar og vildi þá hver forða sjálfum sér, en hugaði lítt um aðra. Glysgjarna stúlkan var líkam- lega sterk; hún ruddist út-og varð ásamt öðrum til þess að troða undir frænku sína svo hún misti lífið. En glysgjarna stúlkan erfði hana og fékk þá á meðal ljómandi fallegan demantshring sem hún hafði átt. Hvar sem hún var stödd eftir þetta, hélt hún hendi sinni þannig, að fólk skyldi taka eftir demantshringnum, en aldrei sá nokkur maður hringinn án þess að honum dytti í hug hvernig glysgjarna stúlkan var að honum komin. — — —

Jón Bildfell ritar sjaldan grein þar sem hann hygst að ná sér duglega niðri á ritstjóra Voraldar, án þess að minna fólk á að hann sjálf sé ríkur og ritstjóri Voraldar fátækur. Hann grunar það líklega ekki, hve litinn sársauka það hefir í för með sér, að því er oss sneri. Vér játum það fúslega, að vér höfum hvorki komist yfir demantshringna né annan veraldar auð; játum það fúslega, að sé mann- gildi mælt og talið í dölum og centum, þá er eins mikið djúp stað- fest milli ritstjóra Lögbergs og vor eins og milli ríka mannsins og fátæka mannsins sem dæmisagan getur um, en samt er það nú svona, að vér karum oss ekki um skifti. Hún heillar ekki huga vorn né hjarta: “Vesturheimskan khedd í kjólinn, kotroskin um eigin hag.”

Hávarður úr Króki.

Kveldsölin var að siga til víðar bakvið lauflausu skógarrunn- enna vestur á sléttunum. Bleikir, hálfkaldir geislar smugu inn um gluggann og skinu með daufrí kveldbirti á breiðan skallann og nær því jafn hvíta hársteyrið á honum Hávarði gamla frá Króki, sem sat við skrifborðið sitt hjá glugganum og horfði á nokkra æpandi stráka, sem léku sér að því að henda smásteinum að gömlum ketti, sem flyði nýljálmandi inn um garðshliðið.

“Síðasti þátturinn á leiksviðinu,” nöldraði gamli maðurinn gremjulega, og fór að lesa nýskrifad bréf, sem lá á borðinu — hálfhátt. — — — “Eftir svo sem klukkustund verð ég steindauður, það er áreiðanlegt. Í morgun vaknaði ég með hölvaðri höfuðvei- lni, rétt eins og um árið, daginn sem ég fékk slagid — og svo áftur fyrir flum árum þegar ég fékk sama kastid. Já, ég er áreið- anlega úr sögunni. Skrokurinn þolir sama sem ekkert, nú orðið — og svo er eg búinn að missa alla löngun til þess að lifa, og viljann til þess að berjast á móti dauðanum. Áður fannst mér, eg ómögulega mega deyja. Fyrst langaði mig í völd og metorð, og svo seinnna, þegar það vildi ekki lánaast, langaði mig þó, að minsta kosti til að fá efurlitla völdurkenning — langaði til að sjá ofurlitinn árangur af lífstarfinu, því satt að segja hefi eg þó ekki legið á líði, mínu. En er eg þá ekki ánægður með að hverfa? Hefi eg þá biðið ósigur- ónei; eg sigra núna — í dauðanum. Taktu nú bara eftir hvað blóð- in segja á morgun. Heldurdu kannsa að þau kalli mig uppreistar- mann, föðurlandsvikara, eða því um líkt, þegar eg er dauður? Nei, trá mér til; það mun kveða við annan tón — því þá verða það nú ekki kölluð landráð þó menn fallist á skoðanir mínar — og skoðanir mínar eru búnar að festa rætur hjá þjóðinni, því mátt þú trúna. En það mátti ekki koma við það, því þá gat eg orðið hættulegur keppli- nautur um völdin; þá var eg sjálfkjörinn foringi, auðvitað. En þjóð- in getur ekki staðið í stað — mannsandinn verður aldrei fjótradrur til lengdar, hann hlýtur að sprengja af sér umbúðirnar — eða deyja. Og umbúðirnar eru arfur frá löndum öldum — alt þetta sem við köllum: “venjur, lög, eða játningar,” eru bara gamlar flisk- ur, sem mannkynið sneið sér eftir vexti — eftir sínum þroska og ástæðum. En mannkynið þroskast og breytist og gömlu fötin — gamla fyrirkomulagið, gengur úr sér og verður úrelt, og nýjar fliskur verð- ur að sníða.

En brautryðjendurnir, ljósberarnir; — hvað verður um þá? Lif- andi eru þeir ófóttir, en dauðir eru þeir gerðir að dýrðingum. Starfskraftar þeirra eyðast; lífskraftar þeirra eyðast, eins og drop- inn sem holar bjargið eða sólargleislinn sem hamast við að þýða klak- ann, þangað til hann sjálfur kólnar og deyr — Já, þeir eyðast, en ekki til einskis, því klettinn hafa þeir klofið og klakann hafa þeir brætt. — — —

Þú sérð að eg er nú að verða skáldlegur — en það verður að fyrirgefast svona á dauðastundinni.

Annars ætlaði eg að biðja þig að líta til með henni Disu þegar eg er farinn. Eg sendi hana hálfnaðuga til baðstæðanna úti á ströndinni í morgun, því eg vildi hlífa henni við því versta að vera heima

Jæja, þú verður að afsaka þó eg komi ekki í haust til að skjóta með þér andir, því eins og þú sérð, verður mér það ómögulegt; og vertu nú sell.

Hann braut bréfið saman og skrifaði utan á það ofur rólega með fastri hendi: “Til herra sýslumannsins í Austursýslu”. Svo lagði hann það varlega frá sér og fór að horfa á tveir myndir sem hengu á veggnum: Önnur var af alvarlegri gráharðri konu í svörtum klæðum það var móðir hans sem vaggði honum í svefn og las yfir honum fagrar bænir á kveldin — þegar hann var barn — Skyldi hann nú fá að sjá hana aftur þarna fyrir handan?

Hin var af henni Disu, fagurlimaðri, í hvítum sumarkjól — al- veg eins og hún var í skógarældinni, þegar hann gaf honum langa jóla-gjöfina fyrir að hafa tekið hana um kveldin; og þá um sumarið drakk hann svart teið með þurru brandi, svo hann gati boðið henni í studenta gildin um veturinn. “Eg held að eg borgi þér þetta aldrei,” hafði hún sagt, þegar hún komst að því. Borgi það aldrei? Hafði hún ekki margborgað það? Því það var hún, sem þrátt fyrir allt, hafði þó gert hann að gáfumanni. Lokast var að geta nú ekki tekið hana með sér, því hvernig sem það væri þarna fyrir handan, þá mundi honum samt leiðast, ef hann ætti nú að biða eftir henni lengi — og ekki mundi henni líða betur. — Ljósið smá dvínaði í stofunni — og svo kom nóttin.

Flaggad í hálfa stöng um allan bæinn — fólkið með áhyggjussvip.

“Hvað hefir komið fyrir?” spurdu þeir sem ekkert vissu. “Hann Hávarður úr Króki, foringi þeirra frjálslynda, er dauinn,” svöruðu hinir með klökkva.

Mest var þó alvaran í þingsalnum þar sem setið hans stóð og tjaldad svörtu.

“Hvernig skyldi þetta fara” hugsuðu dremblegir, feitr þing- menn, sem fólkið hafði kosið einungis vegna þess að þeir voru “fastir fyrir” og líklegir að standa sem bjarg í vegi fyrir öllum fjárverðum breytingum og stemma stigu fyrir þessum vöðum manni og hyltingasegg, sem blóðin sögðu að mundi fara með alt — bæði landið og fólkið — til helvítis ef hann fengi að ráða. Þeir voru fyrir löngu búnir að læra langar skamma kláusur um hann, “og hans nótta”, sem þeir notuðu í öllum kosningum; en nú dugði það auðvitað ekki lengur úr því maðurinn var dauinn. Svo nú þurftu þeir að nota eitthvað annað og mátti vita hvernig þeim tækist með ný- ræðefni. Aldrei höfðu þeim fundist þingsatin eins mjúk eins og einmitt núna — en bráðum komu kosningarnar — og þá var alt svo óvíst með framtíðina. — Mestur var þó áhyggjussvipurinn á forsætis- ráðherranum, sem von var.

“Já, nú gera hölvaðir bjátnarnir hann að dýrðingi og blóðin hæla honum. Ó, hvað honum fannst það auðvirdilega, heimskulega andstyggilegt, að hafa svívirnt manninn og skammað hann meðan hann lifði og gat fundið til, en þurfa svo undir eins að fara að hæla honum þegar hann var dauður. En svona ómíræðilega heimskt var fólkið. — Ójæja, hann ætti nú ekki samt að vera að finna að því, þó það væri dálítið heimskt — það gat líka komið sér vel stundum. Bara að maður kynni þá að spila á brjálaðis tilfinningar, sem óneitanlega ráða mestu hjá flestum — en það gat nú líka orðið skelli erfitt. En hvað um það, eitthvað varð nú samt að taka til brögðs. Hitt var verra, að hann átti í þungu stríði við sjálfan sig — í stríði við ógeðið, kefandi andstyggðina á öllum þessum fíranlega skrípaleik, sem bæði hann, og líklega allir áðrir skyneamir memur verða stöðugt að leika til þess að geðjast fólkinu. Hann bóksat- lega hataði sjálfan sig stundum fyrir að hafa gert sig að þessu skrípi. Og löngunin — eðlisöngun hans eigin hálfðrepa manneðlis — hand- honum að varpa frá sér gerfinu og láta sannfæringuna ráða. Hann var hvað eftir annað mestum því búinn að gefa þessari heimskulegu löngun; “þessari vöðva veiklun,” eins og hann sjálfur kallaði það, lautan tauminn. — Hvaða heimska var þetta nú annars, ætti hann kannsa að kippa fótunum undan sjálfum sér; átti hann máksa að leggja framtíðina í sölnur bara af eftirlátsseini við þessar hölvað- ar kenjar? Nei, nú þurfti hann að nota skyusemuna — nú þurfti hann að leika vel.

Hann var staðinn á fætur til að halda meðu — allir þögðu.

“Eg þarf víst ekki að lýsa því fyrir hnum heidraðu þingmön- num, hvaða skaða landið og við höfum biðið við þetta fráfall, því þó okkur kæmi stundum ekki saman um aðferðir, áttum við þó margt og langtum fleira sameiginlegt, svo sem ástina á föðurlandinu, og einlagan vilja til að reynast því trúir. Og nú þegar dauðans kalda hönd hefir skilið okkur að jafneskum samvistum, erum við áreiðan- lega nær hver öðrum í samúðarfullum skilningi. Svo mun það að minsta kosti vera með hnum mikla og göfuga samverkamann, sem nú hefir endurfærst til aðra skilnings í öðru og betra lífi, og svo á það einnig að vera með okkur, þó við séum ennþá háðir breizkleika og skamnsýni jarðlífsins. Er það ekki annars óreklar vottur um guð- dómseðli mannsins, að hann getur fyrirgefið alt í dauðanum. Og nú á þessu háalvarlega augnabliki, þegar dauðinn hefir höggvið nýtt skarð í vinahópinn, og þannig mint oss á alvöru dauðans og eilífðar- innar, á fullkomunina fyrirheitnu og seluna eilífu, þar sem mann- legur veikleiki hverfur eins og fis, viljum við leitað við að gleyma öllum óþægilegum endurminningum, en minnast hins aðeins, sem — þrátt fyrir alt sem ofaná kann að hafa flotið — lá þó ávalt inst og dýpst í meðvitund okkar allra, sem hér höfum borið hina og þunga dagsins, samantengið í andi af sameiginlegri ábyrgðartilfinningu og sameiginlegum kærleika til landsins og þjóðarinnar. Til þess nú að við, samverkamenn og vini, hins látna, sýnum á ábreifanlegan og víðeigandi hátt, sorg vora og samhygd út af fráfalli þessa dreglenda og trúu sonar fösturjarðarinnar, vil eg leyfa mér að bera þá uppá- stungu fram, að þingið og ráðgjafi þess votti ekkjunnir og vandamön- num hins látna hjartanlega samvege.

